

**156. fundur barnaverndarnefndar á norðanverðum Vestfjörðum
haldinn í í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 14. mars 2018
og hófst hann kl. 15:00**

Fundinn sátu:

Bryndís G Friðgeirsdóttir, formaður, Magnús Þór Bjarnason, aðalmaður, Martha Kristín Pálmadóttir, aðalmaður, Lilja Kjartansdóttir, aðalmaður, Þóra Hansdóttir, varaformaður, Margrét Geirsdóttir, sviðsstjóri fjölskyldusviðs, Þóra Marý Arnórsdóttir, deildarstjóri fötlunarþjónustu, Guðlaug María Júlíusdóttir, deildarstjóri barnaverndar og Ásta María Guðmundsdóttir, ráðgjafi á fjölskyldusviði.

Fundargerð ritaði: Ásta María Guðmundsdóttir, ráðgjafi í barnavernd

Dagskrá:

1. Barnaverndarmál (ársskýrsla 2017) - 2018010002

Kynnt drög að ársskýrslu barnaverndarnefndar á norðanverðum Vestfjörðum fyrir árið 2017.

Drög kynnt.

2. Úrræði skv. 84. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 - 2018030009

Lagt fram bréf frá Barnaverndarstofu þar sem óskað er eftir upplýsingum um úrræði skv. 84. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Barnaverndarnefnd á norðanverðum Vestfjörðum felur starfsmönnum nefndarinnar að fara þess á leit við þær stuðningsfjölskyldur, sem eru þegar að störfum fyrir nefndina, að sækja um tilskilin leyfi skv. 84. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

3. Barnavernd - ýmis mál 2018 - 2018030065

Lagður fram rökstuðningur vegna stöðugildis tilsjónar í barnavernd.

Barnaverndarnefnd á norðanverðum Vestfjörðum leggur til við bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar, bæjarstjórn Bolungarvíkurkaupstaðar og sveitastjórn Súðavíkurhrepps að stöðugildi tilsjónar fari úr 50% í 60% stöðugildi. Vísað er til 24. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Nefndin óskar eftir að starfsmenn nefndarinnar taki saman kostnað vegna úrræðisins, enda ekki gert ráð fyrir því í fjárhagsáætlun fyrir árið 2018.

4. Trúnaðarmál - 2012010059

Lagt fram eitt trúnaðarmál.

Trúnaðarmál kynnt og fært til bókunar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 1640

Bryndís G Friðgeirsdóttir

Magnús Þór Bjarnason

Martha Kristín Pálmadóttir

Lilja Kjartansdóttir

Þóra Hansdóttir

Margrét Geirsdóttir

Þóra Marý Arnórsdóttir

Guðlaug María Júlíusdóttir

Ásta María Guðmundsdóttir